

Tillaga Framsóknar um lækkun álagningarhlutfalls fasteignaskatta frá og með 1 maí 2026

Borgarstjórn samþykkir að lækka álagningarhlutfall fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði frá og með 1. maí þannig að fasteignagjöld, sem hækkuðu um áramót miðað við hækkun fasteignamats frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, lækki nú niður í 2,5% sem samsvarar verðból gumarkmiði Seðlabanka Íslands.

Greinargerð

Framsókn telur mikilvægt að Reykjavíkurborg leggi sitt af mörkum til að verðbólga og verðbólguvæntingar lækki og hækki fasteignagjöld ekki umfram 2,5% verðból gumarkmið Seðlabanka Íslands. Með þessari aðgerð er verið að festa betur í sessi kjölfestu verðból gumarkmiðsins.

Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir þetta ár eru brostnar en þar var gert ráð fyrir að verðbólga yrði 2.7% en samkvæmt síðustu mælingu Seðlabankans er verðbólga nú 5,4% og stýrivextir hækkuðu í 7,5%. Framsókn vill að Reykjavíkurborg létti undir með fjölskyldunum og fyrirtækjunum í borginni og lækkun fasteignagjalda er einn liður í því.

Fasteignagjöld taka mið af fasteignamati sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gefur út árlega. Samkvæmt ákvörðun Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í fyrra hækkar fasteignamat íbúðarhúsnæðis í Reykjavík að meðaltali um 9,9% á þessu ári og fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkar um 3,8%. Hvort tveggja er langt umfram verðból gumarkmið Seðlabanka Íslands sem er 2,5%.

Framsókn lagði til við fjárhagsáætlunargerð fyrir þetta ár að fasteignagjöld yrðu fryst og tækju þannig ekki hækkunum sem fylgja hækkun fasteignamats. Sú tillaga hefði skilað um 2,1 milljarði aftur til heimila og fyrirtækja. Sú tillaga var felld.

Í Reykjavík hefur álagningarhlutfall fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði verið 0,18% og á atvinnuhúsnæði 1,6% og staðið óbreytt þrátt fyrir hækkun fasteignamats undanfarin ár. Þetta hefur leitt til þess að skattstofninn hefur stækkað mjög og upphæð innheimtra fasteignagjalda hækkað ár frá ári þótt þjónusta borgarinnar við hvert heimili og eigendur atvinnuhúsnæðis sé í grunninn óbreytt.

Þessi aukna skattheimta er ósanngjörn og kemur harkalega niður á borgarbúum. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg gangi á undan með góðu fordæmi og bregðist við með samþykkt þessarar tillögu. Líta má þar til fordæmis fyrr á kjörtímabilinu þegar Reykjavíkurborg samþykkti að hækka ekki gjaldskrár þjónustu við börn og barnafjölskyldur um meira en 2.5% til þess að stuðla að kjarasamningum sem höfðu það að markmiði að skapa svigrúm til vaxtalækkana og ná verðstöðugleika í samfélaginu, öllum til hagsbóta.